

Héraðsdómur Reykjavíkur

Úrskurður 17. október 2019

Mál nr. E-979/2019:

Guðrún María Valgeirsdóttir, Sigurður Jónas Þorbergsson, Finnur Sigfús Illugason, R3 ehf., Bryndís Jónsdóttir, Sigurður Baldursson, Sólveig Ólöf Illugadóttir, Kristín Þ Sverrisdóttir, Gísli Sverrisson, Garðar Finnsson og Hilmar Finnsson

Guðmundur H. Pétursson lögmaður

gegn

Landsvirkjun

Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður

Úrskurður

Mál þetta, sem var höfðað með stefnu birtri 12. mars 2019, var tekið til úrskurðar 19. september s.á. um frávísunarkröfu stefnda.

Stefnendur eru Guðrún María Valgeirsdóttir, Sigurður Jónas Þorbergsson, Finnur Sigfús Illugason, R3 ehf., Bryndís Jónsdóttir, Sigurður Baldursson, Sólveig Illugadóttir, Kristín Sverrisdóttir, Gísli Sverrisson, Garðar Finnsson, og Hilmar Finnsson. Stefndi er Landsvirkjun, Háaleitisbraut 68 í Reykjavík.

Stefnendur krefjast þess að viðurkenndur verði beinn eignaréttur þeirra, að tiltölu (90,6250%), á 20 sekúndulítrum skiljuvatns (affallsvatns) sem kemur frá háhitaborholum stefnda í Bjarnarflagi í landi Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi og rekja má til samnings landeigenda Reykjahlíðar við íslenska ríkið frá 18. mars 1971.

Verði fallist á framangreinda kröfu, krefjast stefnendur þess jafnframt að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefnda, vegna fjárhagslegs tjóns sem stefnendur hafa orðið fyrir vegna heimildarlausrar hagnýtingar stefnda á skiljuvatninu (20 l/s) er þar greinir, með afhendingu þess og sölu til þriðja aðila, Jarðbaðanna hf.

Þá krefjast stefnendur málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda.

Stefndi, sem nýtt hefur heimild lokamálsliðar 2. mgr. 99. gr. laga nr. 91/1991, krefst þess að máli þessu verði vísað frá héraðsdómi og honum dæmdur málskostnaður úr hendi

stefnanda. Stefnendur krefjast þess að frávísunarkröfunni verði hrundið og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda í þessum þætti málsins.

I.

Þann 18. mars 1971 gerðu eigendur Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi samning við íslenska ríkið um jarðhitaréttindi en áður hafði ríkið hafið undirbúning að vinnslu jarðgufu til raforkuframleiðslu í Námafjalli og þegar hafið framkvæmdir við gufuveitu í Bjarnarflagi, en bæði þessi svæði eru í landi Reykjahlíðar sem og raforkuverið við Kröflu.

Með samningnum afhentu eigendur jarðarinnar Reykjahlíðar íslenska ríkinu til frjálsra umráða og ráðstöfunar jarðhitaréttindi í landi jarðarinnar, sem nánar var afmarkað í uppdráttum og landamerkjalyðingu sem fylgdi samningnum, ásamt jarðhita þeim sem þar var að finna og aðstöðu til mannvirkjagerðar til nýtingar hans. Ekki er um það deilt að stefndi hefur nú tekið við réttindum og skyldum íslenska ríkisins á grundvelli þessa samnings.

Sem endurgjald fyrir þau verðmæti skuldbatt íslenska ríkið sig, auk peningagreiðslu, til að byggja á sinn kostnað mannvirki fyrir afhendingu á heitu vatni frá varmaveitu í Bjarnarflagi að vesturmörkum jarðhitasvæðisins handa byggðahverfunum við Reykjahlíð og Voga við Mývatn. Jafnframt var tiltekið í samningnum að eigendur Reykjahlíðar skyldu fá allt að 20 l/sek af heitu vatni til ráðstöfunar fyrir hitaveitu við Reykjahlíð en 5 l/sek skyldi ríkið hafa til ráðstöfunar handa væntanlegri hitaveitu fyrir Vogahverfi.

Síðar komu í ljós vandkvæði við rekstur hitaveitunnar sem rekja mátti til eiginleika heita vatnsins. Munu hafa verið gerðir a.m.k. tveir samningar milli eigenda Reykjahlíðar og íslenska ríkisins þar sem sá síðarnefndi féllst á að greiða tiltekinn kostnað af framkvæmdum við nauðsynlegar breytingar til að unnt væri að nota það vatn sem landeigendur áttu tilkall til á grundvelli ofangreinds samnings, til upphitunar. Á árinu 2003 eða 2004 reisti stefndi síðan nýja skiljustöð í Bjarnarflagi og hefur hitaveitan upp frá því verið varmaskiptistöð þar sem ferskvatn er hitað upp með umsömdu magni af heitu vatni frá jarðhitasvæðinu í landi Reykjahlíðar.

Affallsvatninu frá hitaveitunni var því til skamms tíma dælt niður í jörðu án þess að frekari not væru af því höfð. Fyrir nokkrum árum hóf stefndi hins vegar að hagnýta það með afhendingu og sölu þess til Jarðbaðanna hf. sem reka baðlón í Mývatnssveit, áður

en því er svo að lokum dælt ofan í jörðu. Stefnendur telja að stefndu sé þessi notkun óheimild enda sé eign þeirra og annarra eiganda Reykjahlíðar. Stefndi hafi hvorki samið um né verið heimiluð þessi not. Tilgangur málshöfðunar þessarar af hálfu stefnenda er að fá eignarrétt sinn á heita vatninu viðurkenndan ásamt bótarétti stefnda vegna notkunar þess.

II.

Stefnendur eru 18 landeigendur Reykjahlíðar sem eiga samtals í óskiptri sameign 90,6250% eignarhlut í landinu svo sem nánar er gerð grein fyrir í stefnu. Aðrir landeigendur hafa ekki látið málið til sín taka. Stefnendur krefjast viðurkenningar á eignarrétti að tilteknu magni af skiljuvatni að tiltölu í samræmi við eignarhlut hvers og eins. Verði fallist á þá kröfur krefjast þeir að auki greiðslu skaðabóta úr hendi stefnda vegna hagnýtingar hans á þeim réttindum. Telja stefnendur einsýnt að aðrir landeigendur muni geti sótt sinn rétt og leitt hann af dómsniðurstöðu, verði fallist á kröfur stefnenda.

Stefnendur krefjast viðurkenningar á beinum eignarrétti yfir 20 sekúndulítrum af skiljuvatni eins og greini í dómkröfu. Stefnendur byggja kröfu sína á því að skiljuvatnið sé undirorpið eignarrétti þeirra því það sé hluti þeirra náttúruauðlinda í landi Reykjahlíðar, sem njóti verndar eignaréttarákvæðis 72. gr. stjórnarskrárinnar. Eignarlandi fylgi eignaréttur að auðlindum í jörðu sbr. 3. gr. auðlindalaga nr. 57/1998. Reisa stefnendur eignarétt sinn á því að umrætt skiljuvatn úr borholum stefnda, náttúruauðlindum stefnenda, sem ekki sé nýtt til framleiðslu raforku af hálfu stefnda og sé algjörlega óháð raforkuframleiðslu stefnda, þáttur í eignarrétti landeigenda samkvæmt meginreglum eignaréttarins og því sé vatnið eign stefnenda. Breyti þar engu í þessu efni þótt skiljuvatnið verði til fyrir tilstuðlan stefnda. Skiljuvatnið sé hluti þeirrar náttúruauðlindar og „réttinda yfir landinu“, sem ekki hafi fylgt með í kaupunum þegar jarðhitaréttindunum var afsalað til íslenska ríkisins í öndverðu. Vísa stefnendur þessu til stuðnings til eftirfarandi málgreinar í dómi Hæstaréttar nr. 560/2009: „Að þessu virtu verður að líta svo á að samningurinn hafi með stoð í þessu lagaákvæði falið í sér fullnaðarafsal eigenda Reykjahlíðar til stefnda íslenska ríkisins fyrir beinum eignarrétti að jarðhitaréttindum á svæðinu, sem um ræðir, jarðhita sem þar fyndist og aðstöðu til mannvirkjagerðar til nýtingar hans, án þess að önnur réttindi yfir landinu hafi fylgt í kaupunum.“ Stefnendur

líti svo á að skiljuvatnið sé hluti þeirra annarra réttinda yfir landinu sem ekki hafi fylgt með í kaupunum þegar raforkuframleiðslu sleppir.

Þá uppfylli vatnið öll skilyrði um eignarhald landeigenda á náttúruauðlindum í landi sínu sem ekki verði takmarkað. Skiljuvatnið sé hluti vatnsréttinda eða jafnvel ný og áður óþekkt náttúruauðlind þar sem verðmæti þess hafi verið óþekkt þegar samningur landeigenda og ríkisins var gerður 1971. Á hvorn veginn sem litið verði á þessi verðmæti njóti þau eignarréttarverndar.

Þá byggja stefnendur á því að réttur stefnda til nýtingar náttúruauðlinda stefnenda sé takmarkaður við raforkuframleiðslu, þ.e. þá atvinnustarfsemi sem upphaflega var tilefni og tilgangur sammings stefnenda við ríkið. Þann rétt og annan ekki hafi stefndi fengið framseldan frá íslenska ríkinu heimild í lögum nr. 102/1985 en í 3. gr. sammings stefnda og ríkisins frá 26. júlí 1985 komi m.a. fram að um sé að ræða rétt til hagnýtingar jarðhitaorku til raforkuframleiðslu og í 4. gr. sammingsins komi m.a. fram að stefndi hafi yfirtekið öll landsréttindi og aðstöðu á svæðinu til mannvirkjagerðar vegna Kröfuvirkjunar. Eðli málsins samkvæmt geti stefndi ekki hafa öðlast annan og viðtækari rétt með framsalinu en framsalshafi hafi átt. Stefndi hafi því ekki heimild án samþykkis eða sammings við stefnendur að hagnýta sér og hafa tekjur af nýtingu náttúruauðlinda stefnenda með því að selja skiljuvatnið til Jarðbaðanna hf.

Stefnendur byggja jafnframt á því, til stuðnings eignatilkalli sínu að eignaréttur þeirra yfir 20 sekúndulítrum af skiljuvatni verði leiddur af jarðhitasamningnum sjálfum frá 1971 sem enn sé í fullu gildi. Vísa þau til allra framangreindra röksemda því til fyllingar.

Umrætt skiljuvatn sé endurgjald eða öllu heldur hluti greiðslu fyrir jarðhitaréttindin sem íslenska ríkið hafi fengið með áður nefndum samningi. Stefnendur hafi fengið yfirráð umrædds magns skiljuvatns samkvæmt samningi og séu þau yfirráð endanleg með sama hætti og jarðhitaréttindin hafi verið talin endanleg í dómi Hæstaréttar nr. 560/2009. Standi engin efnisleg rök til þess að þau réttindi sem annar aðilinn fékk í hendur, þ.e. jarðhitaréttindi til framleiðslu raforku, skuli jafnað til fullkomins afsals þeirra réttinda, en hinn aðili sammingsins, stefnendur, njóti ekki sama réttar yfir því sem þeir fengu að endurgjaldi.

Þeir 20 l/s af skiljuvatni sem stefnendum beri skv. 3. gr. sammingsins sé sérgreind eign stefnenda og leiki enginn vafi á því að með þeirri afhendingu hefur sú eign verið skilin frá jarðhitaréttindunum. Sé því engum vafa undirorpið að skiljuvatnið sem

stefnendur hagnýta í þágu Hitaveitu Reykjahlíðar er háð beinum eignarétti þeirra, sem engum sé heimilt að hagnýta án atbeina og vilja stefnenda og gegn sanngjörnu endurgjaldi. Í framangreindum dómi Hæstaréttar segir m.a. um þetta atriði: „... verður óhjákvæmilega að skýra samninginn svo að með honum hafi stefndi íslenska ríkið skuldbundið sig til að fella kvöð á réttindin, sem hann keypti, um varanlegt tilkall viðsemjanda síns til tiltekinnar hlutdeildar í þeim.“

Öllu framangreindu til stuðnings, hvort heldur litið yrði á skiljuvatnið sem landsréttindi sem ekki hafi fylgt með í kaupunum í öndverðu, eða samningsbundinn rétt sé óhjákvæmilegt annað en líta til þess hvernig íslenska ríkið sjálft leit á eignarétt yfir skiljuvatninu við samningsgerðina. Samkvæmt A-lið 3. gr. jarðhitasamningsins skyldi aðalæð hitaveitunnar geta flutt allt að 25 l/s af heitu vatni. Af því bar landeigendum Reykjahlíðar 20 l/s. Í jarðhitasamningnum hafi sérstaklega verið tekið fram að íslenska ríkið skyldi hafa til ráðstöfunar um 5 l/s fyrir hitaveitu Voga sbr. B-lið 3. gr. af því skiljuvatni sem afhent var. Það orðalag sé enn frekari árétting þess að þeir 20 l/s af skiljuvatni sem landeigendum Reykjahlíðar hafi borið sé eign þeirra og í reynd allt annað skiljuvatn sem ekki sé nýtt til raforkuvinnslu. Þannig hafi viðsemjandi stefnenda, íslenska ríkið, sjálft litið á samkvæmt orðanna hljóðan. Hefði annars ekki þurft að taka það sérstaklega fram við samningsgerðina að íslenska ríkinu væri frjáls ráðstöfun á 5 l/s af skiljuvatni fyrir Vogabyggð.

Leiki einhver vafi á túlkun eða skýringu samnings stefnenda við ríkið beri að skýra þann vafa stefnendum í hag. Þá andmæla stefnendur þeim sjónarmiðum sem fram hafi komið í samskiptum við stefnda um að stefnandi kunni að hafa fyrirgert rétti sínum með tómlæti eða stefndi öðlast einhver réttindi á grundvelli hefðar.

Verði fallist á fyrri kröfulið stefnanda, um viðurkenningu á beinu eignarétti á tilgreindum hluta skiljuvatnsins, krefjast þeir jafnframt viðurkenningar á bótaskyldu stefnda. Byggja stefnendur á öllum sömu málavöxtum, málsástæðum og lagarökum og að framan greinir, eftir því sem við eigi, jafnt hvað varðar málatalbúnað sinn um náttúruauðlindir í jörðu, sem verndaðar séu af eignaréttarákvæði stjórnarskrárinnar eða samningsbundinn rétt. Þá vísa stefnendur sérstaklega til þess bakgrunns sem varð tilefni jarðhitasamningsins.

Stefnendur byggja á að áralöng hagnýting stefnda á skiljuvatni í eigu stefnenda, með því að afhenda og selja það til Jarðbaðanna hf., hafi valdið stefnendum tjóni. Jarðböðin hf. hafi skilað miklum hagnaði og stefndi aflað sér mikilla tekna með sölu skiljuvatnsins

til þeirra. Háttsemin sé bæði ólögæt og saknæm, enda hafi stefndi engar heimildir til að fényta eign stefnenda svo sem hann hafi gert. Stefndi hafi þannig bakað sér skaðabótaskyldu, enda hafi hann raskað hagsmunum sem séu verndaðir með skaðabótareglum. Leiti stefnendur því viðurkenningardóms og vísa til d-liðar 1. mgr. 80. gr. einkamálalaga nr. 91/1991, þar sem enn er óvíst um fjárhæð hennar. Um heimild til að hafa uppi fleiri en eina kröfu í máli vísa stefnendur til 27. gr. einkamálalaga nr. 91/1991, enda eiga þær rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu og löggernings. Um heimild til að leita viðurkenningardóms í báðum tilvikum vísa stefnendur til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hafi stefnendur lögvarða hagsmuni af því að fá skorið úr um tilvist eða efni þessara réttinda og réttarsambands.

Um lagarök vísa stefnendur einkum til 72. gr. stjórnarskrárinnar, meginreglna eignaréttarins og meginreglna samningaréttarins. Þá vísa stefnendur til laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, einkum 3., 6. og 7. gr. Einnig vísa stefnendur til almennu skaðabótareglunnar um bætur utan samninga og almennra reglna skaðabótaréttarins.

III.

Stefndi reisir frávísunarkröfu sína á því að hver og ein neðangreindra málsástæðna eigi að leiða til frávísunar málsins frá dómi.

Í *fyrsta lagi* byggir stefndi á því að dómkröfur stefnanda séu haldnar svo verulegum ágalla að vísa beri málinu frá dómi á þeim grundvelli. Í fyrstu dómkröfu sé gerð sú krafa að viðurkenndur verði beinn eignarréttur stefnenda, að tiltölu, „á 20 sekúndulítrum skiljuvatns (affallsvatns), sem kemur frá háhitaborholum stefnda í Bjarnarflagi í landi Reykjahlíðar, Skútustaðahreppi“ og rekja megi til sammings landeigenda Reykjahlíðar við íslenska ríkið frá 18. mars 1971. Af málsástæðum stefnenda megi að því er virðist ráða að vísað sé til þess skiljuvatns sem veitt sé til Jarðbaðanna hf., án þess þó að það sé orðað í dómkröfu. Í dómkröfunni sé þannig vísað til tiltekins magns skiljuvatns án nánari skilgreiningar eða nauðsynlegrar afmörkunar. Sé það verulegur ágalli á dómkröfu og myndi dómsorð, byggt á slíkri dómkröfu, leiða til réttaróvissu.

Þá virðist fyrsta dómkrafa stefnenda byggja á tvenns konar grundvelli. Annars vegar að skiljuvatnið sé hluti náttúruauðlinda og landsréttinda stefnenda og hins vegar á því að skiljuvatnið sé eign stefnenda samkvæmt samningi. Þessi málalíbúnaður sé innbyrðis ósamrýmanlegur og auk þess í andstöðu við niðurstöðu dóms Hæstaréttar í máli nr.

560/2009. Í þeim dómi hafi skýrlega verið tekin afstaða til þess að réttindi stefnenda samkvæmt samningnum væru einungis kvaðir á bein eignaréttindi stefnda. Þær kvaðir feli í sér að afhenda skuli stefnendum og öðrum landeigendum Reykjahlíðar 20 sekúndulíttra af heitu vanti og í dómi Hæstaréttar hafi verið tekið fram að óumdeilt væri að við það hefði stefndi staðið.

Því sé ljóst að megnið af þeim málsástæðum sem stefnendur færi fram fyrir dómkröfu sinni séu ekki röksemdir til stuðnings kröfu um viðurkenningu á beinum eignarrétti heldur röksemdir fyrir því að sammingsbundnar kvaðir nái til skiljuvatnsins og komi dómkrafa stefnenda þeim því ekki að notum. Því sé málartilbúnaður stefnenda einnig haldinn slíkum óskýrleika að ekki verði hjá því komist að vísa málinu frá dómi, einkum með vísan til d., e. og f. liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þá skorti á að stefnendur hafi gert viðhlítandi grein fyrir ætluðu tjóni sem sé þó forsenda fyrir því að unnt sé að krefjast viðurkenningar á skaðabótaskyldu vegna ætlað fjártjóns. Stefnendur láta nægja að vísa til þess að Jarðböðin hf. séu rekin með miklum hagnaði án þess þó að leggja fram gögn þar um.

Loks fjalli stefnendur á engan hátt um þá staðreynd að stefndi hafi séð þeim fyrir gufu sem hafi þurft til upphitunar á því magni af heitu vatni sem íslenska ríkið hafi skuldbundið sig í upphafi til að afhenda á grundvelli samninga og yfirlýsinga aðila um lengri tíma og áhrif þess á ætlaðar kröfur stefnenda.

Með hliðsjón af framangreindu hafi stefnendur ekki sýnt fram á lögvarða hagsmuni af kröfugerð sinni eða skilyrði séu að öðru leyti til staðar fyrir kröfugerð með þessu móti.

Í öðru lagi byggir stefndi á því að dómkröfur stefnenda nái til ætlaðra óskiptra réttinda landeigenda jarðarinnar að Reykjahlíðar á þann hátt að þeir hefðu að réttu lagi allir þurft að eiga aðild að málinu samkvæmt 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Jörðin Reykjahlíð í Skútustaðahreppi er í óskiptri sameign tiltekinna aðila og stendur hluti þeirra að dómsmáli þessu.

Málartilbúnaður stefnenda byggir m.a. á því að svokallað skiljuvatn sé hluti náttúruauðlinda og landsréttinda sem fylgja hinni óskiptu sameign. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála eiga aðilar óskipta aðild að dómsmáli ef fleiri en einn eiga óskipt réttindi eða bera óskipta skyldu. Skal vísa máli frá dómi ef þeim sem telja sig eiga slík réttindi standa ekki saman að máli. Er svo ástatt um í þessu máli og ber því nauðsyn til að vísa málinu frá dómi.

Loks í þriðja lagi byggir stefndi á því að búið sé að leysa úr sakarefni málsins með bindandi hætti með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 560/2009. Samkvæmt 1. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er dómur bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra sem koma að lögum í þeirra stað um þær kröfur sem dæmdar eru að efni til. Verður dæmd krafa ekki borin undir sama eða hliðsettan dómstól og ber að vísa frá dómi máli um slíka kröfu, sbr. 2. mgr. sömu greinar.

Stefnendur, meðal annarra, veittu Landeigendum Reykjahlíðar ehf. málflutningsumboð, til málshöfðunar síðla árs 2008 á hendur íslenska ríkinu og Landsvirkjun. Landeigendafélagið krafðist þess í málinu að stefndu yrði gert að þola ógildingu á samningi eigenda jarðarinnar Reykjahlíðar við íslenska ríkið frá 18. mars 1971, þar sem mælt var fyrir um að jarðhitaréttindi í landi jarðarinnar væru íslenska ríkinu til frjálsra umráða og ráðstöfunar. Í málinu var einnig gerð sú krafa að samningnum yrði breytt á þá leið að jarðhitaréttindi þau sem íslenska ríkinu væru til frjálsra umráða og ráðstöfunar svaraði að afli aðeins til jarðhitaorku allt að 70 MW til raforkuframleiðslu en ekkert umfram það. Til úrlausnar sakarefninu tók Hæstiréttur skýra afstöðu til þess að samningurinn hafi falið í sér „fullnaðarafsal eigenda Reykjahlíðar til stefnda íslenska ríkisins fyrir beinum eignarrétti að jarðhitaréttindum á svæðinu, sem um ræðir, jarðhita sem þar fyndist og aðstöðu til mannvirkjagerðar til nýtingar hans, án þess að önnur réttindi yfir landinu hafi fylgt í kaupunum.“ Þá hafi íslenska ríkið skuldbundið sig til að „fella kvöð á réttinn, sem hann keypti, um varanlegt tilkall viðsemjanda síns til tiltekinnar hlutdeildar í þeim.“

Í máli þessu er gerð krafa um að viðurkenndur verði beinn eignarréttur stefnenda að skiljuvatni en skiljuvatn myndast eftir að gufa hefur verið skilin frá blöndu af gufu og vatni sem kemur úr borholu og er því hluti jarðhitaréttinda. Að mati stefndu yrði dómsniðurstaða í þessu máli, ef fallist yrði á kröfur stefnanda, efnislega ósamrýmanlegar þeirri fyrri. Tekin hefur verið afstaða til þess hvort jarðhitaréttindi tilheyri með réttu stefndu í málinu. Jarðhitaréttindi verða ekki slitin í sundur, líkt og stefnandi byggir á. Í fyrra máli aðila var ekki byggt á því að skiljuvatn væri ekki hluti af jarðhitaréttindum og verður að ætla að landeigendafélagið hafi ráðstafað sakarefninu í hinu fyrra máli þannig að stefnendur geti ekki nú haft uppi nýjar málsástæður því til stuðnings að jarðhitaréttindin séu annars eðlis, með vísan til meginreglu 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV.

Stefnendur krefjast þess að frávísunarkröfu stefnda verði hrundið og þeim dæmdur málskostnaður í þessu þætti málsins.

Reisa stefnendur kröfu sína á því að dómur Hæstaréttar í máli nr. 560/2009 sé ekki bindandi um sakarefnið, þar sem affallsvatnið sem um sé deilt hér sé ekki hluti jarðhitaréttinda sóknaraðila. Vísa þau í þessu sambandi til forsenda í dómi Hæstaréttar þar sem segir „[...] án þess að önnur réttindi yfir landi hafi fylgt með í kaupunum“ og byggja á því að umdeilt vatn sé hluti þeirra réttinda sem átt sé við. Affallsvatnið sé ekki hluti jarðhitaréttinda stefnda enda sé það ekki nýtt til raforkuframleiðslu. Þá mótmæla stefndu því að ekki sé hægt að aðgreina umdeilt affallsvatn frá jarðhitaréttindum stefnda.

Þá mótmæla stefnendur því að dómkröfur þeirra séu haldnar ágöllum. Dómkröfur séu skýrar sem og málatilbúnaður allur. Ennfremur hafi þau leitt nægar líkur að því að þau hafi orði fyrir tjóni sem rekja megi til saknæmrar og ólögætrar háttsemi stefnda og sé þeim af þeim sökum unnt að hafa uppi skaðabótakröfu svo sem gert sé í stefnu.

Að endingu byggja stefnendur á því að þeim sé unnt að höfða mál þetta án þess að allir landeigendur standi að málshöfðuninni enda beri ekki nauðsyn til samaðilar. Vísa þau í því efni til þess að réttindi sín séu afmörkuð að tiltölu og ekki sé höfð uppi krafa sem varði hagsmuni þeirra sem ekki eigi aðild að málinu.

V.

Ágreiningur máls þessa lýtur að eignarétti að vatni sem kemur úr jarðhitaborholu í landi Reykjahlíðar sem stefnendur eiga í óskiptri sameign ásamt öðrum eigendum jarðarinnar. Réttindi stefnda yfir jarðhita í landi stefnanda byggir á samningi ríkisins við landeigendur frá 18. mars 1971 en réttindi ríkisins samkvæmt samningnum þessum voru framseld stefnda með samningum sem gerðir voru 1985 og 1986, sem veitt var stoð fyrir í lögum nr. 102/1985, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Kröfluvirkjun.

Ágreiningur um efni og gildi samnings ríkisins við landeigendur Reykjahlíðar frá 18. mars 1971 var til úrlausnar í dómi Hæstaréttar kveðnum upp 29. apríl 2010 í máli nr. 560/2009. Það mál var höfðað af Landeigendum Reykjahlíðar ehf., gegn stefnda og íslenska ríkinu, með málflutningsumboði frá stefndu og öðrum eigendum jarðarinnar Reykjahlíðar til stefnanda. Dómkröfur málsins lutu að ógildingu eða breytingu á efni framangreinds samnings eigenda Reykjahlíðar við íslenska ríkið frá 18. mars 1971.

Í framangreindum dómi Hæstaréttar er með skýrum hætti skorið úr um túlkun þess samnings að því er varðar eignaréttindi yfir jarðhitaréttindum þeim sem samningurinn fjallar um. Segir m.a. í forsendum dómsniðurstöðu að samningurinn hafi falið í sér fullnaðarafsal eigenda Reykjahlíðar til íslenska ríkisins fyrir beinum eignarétti að jarðhitaréttindum á svæðinu sem um ræðir og jarðhita sem þar fyndist án þess að önnur réttindi yfir landinu hafi fylgt með í kaupunum. Jafnframt segir að túlka beri samninginn á þann hátt að skuldbinding íslenska ríkisins til að láta eigendum Reykjahlíðar í té endurgjaldslaust 20 sekúndulíttra af heitu vatni feli í sér skuldbindingu um að fella kvöð á réttindin sem íslenska ríkið keypti með um varanlegt tilkall viðsemjenda síns til tiltekinnar hlutdeildar í þeim.

Með kröfu sinni í þessu máli krefjast stefndur þess að „viðurkenndur verði beinn eignaréttur þeirra, að tiltölu (90,6250%), á 20 sekúndulítrum skiljuvatns (affallsvatns) sem kemur frá háhitaborholum stefnda í Bjarnarflagi í landi Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi og rekja má til samnings landeigenda Reykjahlíðar við íslenska ríkið frá 18. mars 1971.“ Svo sem að framan greinir hefur með dómi Hæstaréttar, sem stefndur voru meðal annarra aðilar að, þegar verið skorið úr ágreiningi um eignarhald á umdeildum jarðhitaréttingum og eðli þeirra réttinda sem stefndur njóta samkvæmt nefndum samningi. Liggur því fyrir endanleg og bindandi úrlausn Hæstaréttar varðandi þann ágreining sem fyrri hluti dómkröfu stefnenda lýtur að. Ber því að vísa máli þessu í heild frá frá dómi sbr. 2. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991, enda er síðari hluti kröfugerðar stefnenda háður því að fallist verið á fyrri hluta kröfugerðar stefnenda.

Í þessu efni skal tekið fram að dómurinn fellst ekki á það með stefnendum að einhver vafi leiki á því hvernig túlka beri niðurstöðu Hæstaréttar að því er varðar ágreining um eignarétt að umdeildum jarðhitaréttindum en stefndur vísa til þess að með orðin „án þess að önnur réttindi yfir landinu hafi fylgt með í kaupunum“ í dómi Hæstaréttar beri að skilja svo að eignarétturinn sem færðist yfir til íslenska ríkisins hafi einvörðungu verði sá hluti jarðhitaréttindanna sem fyrirhugað var að nota til raforkuframleiðslu, þ.e. jarðgufan en ekki jarðvatnið, eða í öllu falli hafi samningurinn ekki falið í sér yfirfærslu eignaréttinda að þeim 20 sekúndulítrum vatns sem ríkið skuldbatt sig til að afhenda eigendum Reykjahlíðar. Að mati dómsins getur það ekki farið milli mála, með hliðsjón af röksemdum Hæstaréttar, að niðurstaða hans lýtur að jarðhitaréttinum sem slíkum sem heimilt var að undanskilja frá landareign með heimild í 1. mgr. 13. gr. þágildandi orkulaga nr. 58/1967 svo sem nánar rakið er í nefndum dómi Hæstaréttar. Eignaréttur

yfir jarðhita getur eðli málsins samkvæmt ekki verið háður því í hvaða eðlisfræðilega formi jarðhitinn er.

Stefnendur byggja málatilbúnað sinn öðrum þræði á þeirri málsástæðu að jafnvel þótt lítið verði svo á að umdeildur samningur hafi falið í sér að íslenska ríkið hafi öðlast beinan eignarétt yfir jarðhitaréttindum, þar með töldu jarðvatni, þá verði að líta svo á að sú kvöð að afhenda stefndu og öðrum eigendum Reykjahlíðar tiltekið magn af heitu vatni felist að það beri að afhenda þeim það magn vatns til fullra yfirráða. Því sé stefnda óheimilt að nýta sér heita vatnið eftir að því hefur verið veitt til hitaveitu Reykjahlíðar með því að selja það þriðja aðila.

Jafnvel þótt unnt væri að líta svo á að í þessum málatilbúnaði stefnanda fælist krafa um að leyst væri úr inntaki þeirra kvaða sem hvíli á eignarétti stefnda, sem ekki hefði þegar verið leyst úr með áður nefndum dómi Hæstaréttar, þá er í dómi þessum ekki unnt að taka hana efnislega til úrslausnar. Í fyrsta lagi er kröfugerðin í stefnu ekki í samræmi við þessa málsástæðu sbr. það sem frammar er rakið um að stefnendur krefjist viðurkenningar á beinum eignarétti yfir tilteknum hluta jarðhitaréttinda. Í öðru lagi er það forsenda þess að til álita komi að taka efnislega afstöðu til þessarar málsástæðu að allir eigendur þeirra réttinda standi saman að málarekstri þessum sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 enda er um óskipt réttindi að ræða sem jafnframt kynnu að fela í sér óskipta skyldu, svo sem til meðferðar á umdeildum jarðhitaréttindum.

Með framangreindum röksemdum verður kröfum stefnanda vísað frá dómi. Með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnendum gert að greiða stefnda óskipt, 890.000 krónur í málskostnað.

Málið þetta flutti af hálfu stefnanda Guðmundur H. Pétursson lögmaður og Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður af hálfu stefnda.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan úrskurð.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefnendur, Guðrún María Valgeirsdóttir, Sigurður Jónas Þorbergsson, Finnur Sigfús Illugason, R3 ehf., Bryndís Jónsdóttir, Sigurður Baldursson, Sólveig Ólöf Illugadóttir, Kristín Þ. Sverrisdóttir, Gísli Sverrisson, Garðar Finnsson og Hilmar Finnsson greiði stefnda, Landsvirkjun, óskipt 890.000 krónur í málskostnað.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir